



Vesturbyggð

Aðalstræti 63, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300. Bréfsími 456-1142

Vesturbyggð

Aðalstræti 63
450 Patreksfirði

Vesturbyggð, 9. maí 2018
1804034 ÓÖG

Efni: Grenndarkynning-Aðalstræti 4

Hér með boðar bæjarstjórn Vesturbyggðar til grenndarkynningar fyrir viðbyggingu við Aðalstræti 4, Patreksfirði í samræmi við ákvæði 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynning felst í því að nágrönnum sem taldir eru geta átt hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að tjá sig um breytingar í þegar byggðu hverfi þar sem ekki liggur fyrir deiliskipulag.

Á 46. fundi skipulags- og umhverfisráðs þann 26.04.2018 var fjallað um fyrirhugaða grenndarkynningu.

Bókun skipulags- og umhverfisráðs Vesturbyggðar þann 26.04.2018.

1804034 - Aðalstræti 4, þjónustuhús - grenndarkynning.

Tekin fyrir umsókn um byggingarleyfi fyrir Aðalstræti 4, viðbygging sem hýsir þjónustubyggingu sem og tvær íbúðir.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti með fyrirvara um grenndarkynningu og felur skipulagsfulltrúa að láta vinna hana skv. 44.gr skipulagslaga nr.123/2010.

Í 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 segir m.a. um grenndarkynningar:

„Grenndarkynning felst í því að skipulagsnefnd kynnir nágrönnum sem taldir eru geta átt hagsmuna að gæta leyfisumsókn eða tillögu að breytingu á skipulagsáætlun og gefur þeim kost á að tjá sig um hana innan tilskilins frests sem skal vera a.m.k. fjórar vikur. Að þeim fresti liðnum og þegar sveitarstjórn hefur afgreitt málið skal þeim sem tjáðu sig um það tilkynnt niðurstaða sveitarstjórnar. Skipulagsnefnd er heimilt að stytta tímabil grenndarkynningar ef þeir sem hagsmuna eiga að gæta, sbr. 1. mgr., hafa lýst skriflega yfir með áritun sinni á kynningargögn áður en fjórar vikur eru liðnar að þeir geri ekki athugasemdir við skipulagstillöguna eða hina leyfissskyldu framkvæmd“.

Frestur til að skila athugasemdum og ábendingum er 4 vikur frá ætlaðri móttöku þessa bréfs, þ.e. til og með 7. júní. 2018. Litið verður svo á að þeir sem ekki gera athugasemdir séu samþykkir fyrirhugaðri framkvæmd.

Meðfylgjandi eru afstöðumynd, ásýndarmynd og útlit og innra fyrirkomulag byggingar.



VESTURBYGGÐ

Vesturbyggð

Aðalstræti 63, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300. Bréfsími 456-1142

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu Vesturbyggðar eða í síma 450 2300 á opnunartíma skrifstofunnar, virka daga kl. 10-12.30 og 13-15. Fyrirspurnir má einnig senda á netfangið vesturbyggd@vesturbyggd.is.

Nánari upplýsingar er að finna á vefslóðinni. <http://www.vesturbyggd.is>.

Athugasemdum má skila á vesturbyggd@vesturbyggd.is eða í bréfpósti, þá merkt:

**Vesturbyggð
Aðalstræti 63
450 Vesturbyggð**

Athugasemdum skal skila inn fyrir 7. júní 2018.